



Saman náum við árangri



Það hefur verið heiður að fá að leiða JCI það sem af er árinu. Árið er búið að vera viðburðaríkt. Ótrúlegt til þess að hugsa að það sé hálfnað. Á tímamótum sem þessum er það okkur hollt að líta til baka og meta störf okkar. Það sem er enn mikilvægar er að hugsa til framtíðar, um möguleika okkar og það sem við getum gert. Við erum öflugri en okkur grunar og með sameiginlegu átaki getum við framkvæmt hluti sem stærstu fyrirtæki veigra sér við að vinna. Hópur af ungu fólki, með frjóan huga og mikla starfsorku eru allir vegir færir.

Ég vil minna á að tilgangur okkar með allri þessari vinnu er að bæta okkur sem einstaklinga. Það gerum við með því að sitja námskeið, í verkefnavinnu og félagsstarfi þar sem hverjum og einum er gefið tækifæri til að æfa sig. Hafðu þó hugfast að enginn tekur framförum með því einu að vera skráður í félagið. Það er nauðsynlegt fyrir þig að sýna frumkvæði, taka þátt og vera virkur félagi. Hver er sinnar gæfu smiður.

Lofur Már Sigurðsson

Landsforseti JCI Íslands

48. LANDSPING JCI ÍSLANDS SVEINBJARNAGERÐI 25. - 27. september 2009

Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi á Landspingi JCI Íslands. Dagskráin er þétt skipuð, t.d. getur þú farið á ýmis námskeið, farið í góð party og eignast nýja vini, auk þess sem hægt er að njóta fallegu náttúrunnar á Norðurlandi. Dagskráin er í grófum dráttum:

Föstudagur, eru þingfundir. Þar förum við yfir öll málefni sem varðar JCI. Um kvöldið er svo hið rómaða þemakvöld en þá mætum við í búningum sem tengjast þemanu. Þemað í ár er Söngleikir.

Laugardagur, hefst kl. 10 með námskeiðum sem standa fram eftir degi. Á meðan fara Senatorar og makar í óvissuferð. Um kvöldið er svo hið rómaða Galakvöld sem stendur fram eftir nóttu. Þegar líða tekur á nóttina breytist skemmtunin í náttfatapartí.

Sunnudagur, hefst kl. 10.00 með stuttu námskeið, svo fáum við okkur bröns og höldum heim á leið.

Nánari upplýsingar geturðu þú nálgast á www.landsting.com Svo getur þú sent tölvupóst á -> landsting@landsting.com. allar spurningar og ábendingar eru velkomnar.



Alþjóðlegur félagsskapur ungs fólks á aldrinum 18-40 ára sem vill sjá jákvæðar breytingar hjá sjálfum sér og í umhverfi sínu. Námskeiðshald, þjálfun og félagsstarf eru nokkur þeirra atriða sem starfið byggir á. Þetta eru mannþætandi en umfram allt skemmtileg félagsamtök.

Be better

JCI félagar leita stöðugt leiða til að lifa eftir slagorðinu „Be Better“. Þeir ekki aðeins trúa því að umbætur eru mögulegar, þeir trúa því að það sé á þeirra ábyrgð að stuðla að jákvæðum breytingum í þeim sjálfum eins og í þeirra nær umhverfi. Félagar um allan heim deila sameiginlegri vitund um mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar og frumkvæði í því að búa til betri framtíð fyrir okkur öll.

<http://www.bebettermovie.com>

Myndir frá Landspingum





TOYP

TOYP- The Outstanding Young Persons of the World: eða Framúrskarandi ungir einstaklingar er alþjóðleg viðurkenning sem að JCI hreyfingin stendur að. TOYP eru verðlaun sem veitt eru af ungu fólki til ungs fólks sem skapar fram úr á sínu sviði. Með þessu viljum við vekja athygli á því sem vel er gert og einnig til að hvetja annað ungt fólk til dáða.

Aðildarlönd JCI velja öll einstaklinga sem þau telja að eigi þessa nafnbót skilið og senda inn umsóknir og ferilskrá til heimsstjórnar JCI. Það er síðan sérstök dómnefnd sem fer yfir allar umsóknir og velur síðan tíu Framúrskarandi Ungu Einstaklinga sem útnefndir eru á heimspingi á ári hverju.

Í haust munum við heiðra þrjá unga einstaklinga. Það verður gert við hátíðlega athöfn sem verður auglýst síðar. Við vonum svo sannarlega að einhver af þeim nái hóp þeirra tíu efstu í heiminum en það verður tilkynnt á heimspingi JCI sem verður haldið í ár dagana 16. – 21. nóvember í Hammamet í Túnis.



Kristín Rós Hákonardóttir

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá þá félagu á heimsvísu sem fengu TOYP verðlaunin árið 2003. Við í JCI erum mjög stolt af því að þarna í hópnunum, fjórða frá vinstri, er er okkar maneskja, Kristín Rós Hákonardóttir sem fékk TOYP verðlaun fyrir einstaklings afrek. Þetta er mikill heiður enda eru sendar inn umsóknir fyrir nokkur þúsund manns á hverju ári sem allir hafa unnið mikil afrek í sínum þjóðlöndum.

Bed Net.

Malaría drepur. Í Sahara er Malaría aðal orsök dauða barna undir fimm ára aldri. Það þýðir að meira en eitt barn á 30 sekúndna fresti deyr úr Malaríu, eða um 800.000 þúsund börn á ári. Mönnum hefur tekist að ná tökum á Malaríu í mörgum löndum og jafnvel náð að útrýma henni víða í Asíu, Evrópu og Ameríku. Samt sem áður hefur Malaríu tilfelling fjölgað mikið í Afríku sem leiðir til þess að 40% af útgjöldum til Heilbrigðismála fer í að sinna Malaríu.



Netin bjarga mannlífum. Rannsóknir sýna að Netin bjarga mannlífum. Komið hefur í ljós að smitum hefur fækkað um allt að 90% á smitsvæðum þar sem netum hefur verið dreift. Inn í netin er samofið flugnaeitur þannig að það ekki aðeins heldur flugunni frá því að smita heldur fækkar þeim einnig umtalsvert.

JCI tekur höndum saman. Bed net er verkefni sem JCI er að vinna að í samvinnu við Sameinuðu Þjóðirnar. Verkefnið gengur út á að safna peningum til að kaupa flugnet sem notuð eru til að verja börn og fólk fyrir því að smitast af malaríu. Takmark JCI fyrir árið 2015 er að safna sem nemur 1 miljón netum eða 10 miljón \$ Við á Íslandi höfum í dag safnað **45.000 kr.** Þetta var gert í tveimur verkefnum, JCI GK var með sölu á 17 júní og fékk verkefnið hluta af hagnaði. Í nóvember hélt JCI Esja og JCI Reykjavík víðavangshlaup þar sem öll skráningargjöld runnu óskipt til verkefnisins. Þess má geta að margt smátt gerir eitt stórt, með það í huga viljum við hvetja ykkur til að leggja málstaðnum lið.

Opnaður hefur verið Reikningur fyrir söfnunina **1175-05-762491 kt. 630683-0929** . Á menningarnótt munum við vera með sérstakt átak í Hellusundi til að afla fjár til verkefnisins.

JCI á netinu

Fylgist með okkur á netinu



Vissir þú ?

Að það eru starfandi 5251 virkir leiðbeinendur á vegum JCI um allan heim.

Evrópuþing í Búdapest 2009

Dagana 10. til 14. júní var Evrópuþing JCI haldið í Búdapest Ungverjalandi. Að venju fór hópur JCI félaga frá Íslandi á þingið. Evrópuþing JCI eru haldin einu sinni á ári og þar hittast sendinefndir frá allri Evrópu og þinga um JCI, taka þátt í námskeiðum, hlusta á fyrirlestra og mynda tengsl við aðra félaga frá öðrum löndum.

Þingið hófst með opunarathöfn sem var glæsileg að venju en þar eru kynntir landsforsetar Evrópuþjóðanna og aðrir gestir. Einnig var boðið uppá skemmtiatriði fyrir Evrópuþings gesti en þeir voru 2500 talsins. Eftir opunarathöfnina var haldið partý fram eftir nóttu.

Á fyrsta þingdegi var haldin ræðukeppni einstaklinga og tók Kjartan Hansson þátt fyrir hönd JCI Ísland og stóð sig mjög vel. Á hverjum þingdegi gátu þátttakendur valið úr fjölda úrvalsnámskeiða til að taka þátt í.

Á öðrum þingdegi þá var haldin rökræðukeppni JCI en skipulagning keppnirnar var í höndum Örnú Björk Gunnarsdóttur varaheimsforseti JCI. Félagar í JCI Íslandi aðstoðuðu hana við framkvæmdina. Þennan dag þá skrifaði Theodór Bender forseti JCI Reykjavík undir vinfélagssamning við JCI Tampere. Um kvöldið kom sendinefnd JCI Íslands saman og snæddi kvöldverð. Síðan var farið á þýska partýið en að þessu sinni var það haldið á sundlaugasvæði og gátu gestir skellt sér í sund á meðan partýið stóð sem hæðst.

Á þriðja þingdegi voru úrvals fyrirlesara sem héldu tölu fyrir félaganna. Um kvöldið var Galakvöld og verðlaunaafhending þar sem menn fögnuðu vel heppnuðu þingi. Næsta þing verður haldið í Árhúsum í Danmörku 2010. Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir frá þinginu.

Hrólfur Sigurðsson
Evrópuþingfarastjóri JCI 2009



Kjartan Hansson fulltrúi Íslands í Mælskukeppni

Á hverju ári er keppt í mælskukeppni einstaklinga á Evrópuþingi. Það mæta fulltrúar hvorrar þjóðar sem allir hafa farið í gegnum forval í sínu landi.

Kjartan stóð sig með miklum ágætum og eins og venjulega voru Íslendingar á þingi mjög stoltir af sínum keppenda. En sigurvegari að þessu sinni var ung stúlka frá Noregi og mun hún keppa fyrir hönd Evrópu á heimspingi.

Að taka þátt í svona keppni er mikil og dýrmæt reynsla sem stendur öllum JCI félögum til boða.





Framundan 2009

Verkefnavinna sumarið 2009

Um miðjan júní hóf JCI Ísland verkefni sem gengur undir nafninu „Verkefnavinna Sumarið 2009“ Tilgangur með þessu var að safna saman félögum úr öllum aðildarfélögum sem hafa áhuga á að vinna að verkefnum í sumar. Verkefnið hefur gengið framár björtustu vonum. Félagar hafa komið saman alla þriðjudaga frá því í júní. Hópurinn hefur verið mis stór, allt frá því að aðeins 6 hafa mætt upp í að um húsfylli er að ræða. Verkefnin sem verið er að vinna að núna eru

Betri fréttir: En það gengur út á að setja upp heimasíðu þar sem fjallað verður um það jákvæða sem er að gerast í kringum okkur.

Menningarnótt: Gengur út að undirbúa og skipuleggja Menningar-nótt 2009.

Bed Net: Er verkefni sem gengur út að safna peningum til að kaupa net sem kemur í veg fyrir malaríusmit milli manna í Afríku.

Verkefnin eru enn í gangi og ef einhver er áhugasamur um að taka þátt þá endilega mætið á þriðjudagskvöldi í Hellusund 3 eða setja sig í samband. jci@jci.is

Menningarnótt: 22. ágúst

Eins og undanfarin ár komum við í JCI til með að vera með viðamikla dagskrá á menningarnótt. Dagskráin hefst kl. 10:00 og kemur til með að standa til 23:00. Á þessum tíma verður meðal annar boðið upp á:

- kl. 11.00 formleg opnun vefsíðunnar www.betrifrettir.is
- Allan daginn verður Hellusund 3 opið og til sýnis fyrir gesti og gangandi.
- Dans
- Selt verður kaffi og með því.

Við hvetjum alla til að koma við í Hellusundi á Menningarnótt

Ræðuveislan: 5. september

Í haust ætlar JCI Reykjavík að stand fyrir Ræðuveislu. Ræðuveisla er ræðuform þar sem þátttakendur fá 15 mínútur til að undirbúa sig og halda síðan ræðu. Keppt verður eftir nýju formi þar sem allir ræðumenn tala. Ræðuveislan er eitt skemmtilegasta ræðuformið sem við keppum í. Við hvetjum alla sem hafa

Landsþing 2009: 25- 27 september

Sjá umfjöllun á forsiðu.

Heimsþing í Túnis 16 – 21 nóvember

16. nóvember er heimsþing JCI í Hammamet í Túnis. Um er að ræða árlegan viðburð þar sem félagar alls staðar úr heiminum koma saman og eiga góða stund. Nánari upplýsingar um þingið er á heimasíðunni <http://www.jciwc-hammamet2009.com/>



Seal the deal

„Seal the deal“ er barátta sem Sameinuðu þjóðirnar hafa hleypt af stokkunum í þeim tilgangi að afla stuðnings við samning sem þjóðarleiðtogar í heiminum munu skrifa undir í Kaupmannahöfn í desember á þessu ári.

Á fundi sem JCI hélt með Sameinuðu-þjóðunum í lok júlí samþykkti JCI að aðstoða við kynningu á baráttunni „Seal the Deal“. JCI ætlar að standa fyrir kynningu á ýmsan hátt. Ein af þeim leiðum sem við förum er að hvetja til að félagar og aðrir skrifi undir áskorunina, því viljum við hvetja ykkur til að fara á síðuna <http://www.sealthedeal2009.org/petition/> og skrifa undir áskorun til ráðamanna í heiminum.



Vissir þú ?

Að í JCI eru 170.000
félagar í 5000 aðildar-
félögum í 115 löndum



JCI Ísland
Hellusundi 3
101 Reykjavík

Sími: + 866-4500
Netfang: jci@jci.is
www.jci.is